

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Ársreikningur 2014

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vesturlandi stofnuð árið 1969. Markmið samtakanna varða atvinnu-, efnahags-, mennta- skipulags-, samgöngu-, og félagsmál. Einnig að stuðla að aukinni samvinnu sveitarfélaga á Vesturlandi og víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samtakanna á árinu 0,3 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2014 samkvæmt efnahagsreikningi nam 22,7 millj. kr, en vísað er til ársreikningsins varðandi meðferð hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu sjö starfsmenn hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, laun og launatengd gjöld á árinu námu 58 millj. kr.

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru tíu en þau eru; Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi bera stjórnunarlega ábyrgð á Vaxtarsamningi Vesturlands, Menningarsamningi Vesturlands og Þjónustusvæði málefna fatlaðra á Vesturlandi bs. Sérstök reikningsskil eru gerð fyrir framangreindar einingar og eru þær ekki hluti af reikningsskilum samtakanna.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2014 er gefinn út hinn 11. mars 2015 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn samtakanna.

Borgarnesi, 11. mars 2015

Í stjórn samtakanna:

Ingveldur Guðmundsdóttir
Rúffir Guðvörð
Rannil Osunsdóttir
Haldis Bjarna dóttir
Ólafur Hjaltason
Guðkaý Eyyfjörð
Kerstin Björns Árnadóttir
Sigrún Ólafsdóttir

Björgun Helgason
Ólafur Jónsson
Magnús Smarason

Framkvæmdastjóri:

Ólafur S. Þorvaldsson

Áritun óháðs endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar og aðila að samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2014, fjárhagsstöðu þeirra 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Borgarnesi, 11. mars 2015

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsd.

Haraldur Óni Reynisson

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
Rekstrartekjur:	2			
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	22	17.556.000	17.520.000	16.889.595
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		24.433.930	21.500.000	21.353.088
Framlag Byggðastofnunar		19.222.300	19.500.000	19.414.605
Styrkir vegna sérverkefna	10	37.708.251	23.500.000	44.715.671
Tekjur atvinnuráðgjafar		3.017.532	7.000.000	2.597.318
Tekjur almenningsgangna	13	302.846.659	0	275.694.043
VIRK vegna þjónustusamnings		7.000.000	0	0
Aðrar tekjur		11.139.414	1.500.000	11.152.216
Hagnaður af sölu eigna		0	0	1.705.510
		<u>422.924.086</u>	<u>90.520.000</u>	<u>393.522.046</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	8	51.829.389	55.815.000	47.189.647
Annar rekstrarkostnaður	9	24.555.256	27.239.000	28.832.362
Gjöld vegna sérverkefna	11	38.608.467	2.000.000	32.607.977
Framlög vegna atvinnuþróunar	12	5.700.000	3.000.000	3.944.000
Gjöld vegna almenningsgangna	13	300.029.268	0	270.997.155
Afskriftir	3,14	2.019.605	1.917.000	2.015.391
		<u>422.741.985</u>	<u>89.971.000</u>	<u>385.586.532</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		182.101	549.000	7.935.514
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur og arður		1.025.862	180.000	1.221.794
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(883.170)	(583.000)	(1.083.834)
Niðurfærsla hlutafjár		0	0	(1.000.000)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals		<u>142.692</u>	<u>(403.000)</u>	<u>(862.040)</u>
Hagnaður ársins	19	<u>324.793</u>	<u>146.000</u>	<u>7.073.474</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir:			
Fasteign	14	25.726.758	26.451.579
Bífreiðar.....	14	3.259.473	4.264.573
Húsbúnaður	14	1.224.905	1.208.044
Eignarhlutir í félögum	15	1.000.000	1.000.000
Fastafjármunir alls	3	<u>31.211.136</u>	<u>32.924.196</u>
Óinnheimtar kröfur.....	5, 16	27.137.826	19.184.373
Handbært fé.....		42.361.470	48.625.253
Veltufjármunir alls		<u>69.499.296</u>	<u>67.809.626</u>
Eignir samtals		<u>100.710.432</u>	<u>100.733.822</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	19	<u>22.699.330</u>	<u>22.374.537</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	17	<u>7.191.600</u>	<u>9.398.931</u>
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur		8.400.000	14.800.000
Ógreiddir úthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar		20.405.000	8.555.000
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir		40.234.904	43.504.952
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	1.779.598	2.100.402
		<u>70.819.502</u>	<u>68.960.354</u>
Skuldir samtals		<u>78.011.102</u>	<u>78.359.285</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>100.710.432</u>	<u>100.733.822</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðastliðnu ári.

2. Innlausn tekna

Árgjald samtakanna er tekjufært á grundvelli samnings sveitarfélaga sem að samtökunum standa og byggir á fastagjaldi og gjaldi miðað við íbúafjölda. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign	50 ár
Bifreið	5 ár
Húsbúnaður	5 ár

4. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrýmnunar þeirra.

5. Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur í árslok 2014 eru færðar niður um 3,4 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

6. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2014 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

7. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 4,7 millj. kr. í árslok 2014 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

Sundurliðanir

8. Laun og launatengd gjöld

	2014	2013
Laun atvinnuráðgjafa	19.967.691	19.574.743
Laun annarra starfsmanna	17.642.735	12.801.470
Laun stjórnar og nefnda	3.331.700	5.171.592
Reiknað áunnið orlof sbr. skýringu 7, breyting	1.101.369	237.818
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.403.399	4.862.198
Tryggingagjald	3.937.721	3.760.592
Önnur launatengd gjöld	707.369	700.703
Slysatryggingar og námskeið	183.897	102.117
Endurgreiddur hlutur í launakostnaði	(446.492)	(21.586)
	<u>51.829.389</u>	<u>47.189.647</u>

9. Annar rekstrarkostnaður:

	2014	2013
Húsnæðiskostnaður:		
Rafmagn	169.736	148.859
Vátryggingar	136.250	150.596
Fasteignagjöld	648.978	624.955
Kostnaður við sameign	788.190	769.706
Viðhald húss og búnaðar	475.760	1.832.995
Hreinlætisvörur	30.362	27.885
Hlutdeild Verkis hf. í rekstrarkostnaði	(505.440)	(484.033)
Húsnæðiskostnaður alls	<u>1.743.836</u>	<u>3.070.963</u>
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Bækur, blöð og tímarit	258.129	256.940
Pappír, prentun og ritföng	337.813	161.574
Smááhöld, tæki, skrifstofuvörur og tölvuforrit	1.573.935	707.095
Aðkeypt þjónusta	5.130.105	8.370.264
Sími og burðargjöld	1.041.288	1.401.140
Auglýsingar	423.867	452.875
Önnur framlög	709.500	296.571
Rekstur eigin bifreiða	1.308.425	2.258.664
Bifreiðastyrkir	5.534.824	6.492.213
Veggjald vegna Hvalfjarðarganga	68.210	65.480
Dagpeningar	3.329.124	4.005.478
Fundir, ráðstefnur og ferðakostnaður	1.487.030	1.769.169
Kaffistofa	407.376	611.651
Viðhald skrifstofuáhalda	279.922	0
Stofnframlag til Starfsendurhæfingar Vesturlands	500.000	0
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	1.595.695	1.689.370
Annar kostnaður	697.481	494.081
Endurgreiddur kostnaður	(1.871.304)	(3.271.166)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	<u>22.811.420</u>	<u>25.761.399</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>24.555.256</u>	<u>28.832.362</u>

Skýringar, frh.:

10. Styrkir vegna sérverkefna:

Styrkir vegna sóknaráætlunar	12.564.400	36.733.600
Styrkur vegna fjarskiptaverkefnis	10.000.000	10.000.000
Styrkur vegna Vaxtarsamnings Vesturlands v/fjárfestingatækifæra	2.500.000	2.500.000
Styrkur frá Bakhjörllum Græna lónsins vegna matvælaklasa	0	1.300.000
Styrkir vegna sveitaverkefnis	0	3.138.220
Styrkur frá Innanríkisráðuneytinu v/eflingar sveitarstjórnarstigs	0	3.000.000
Styrkur frá Jöfnunarsjóði vegna eflingar sveitarstjórnarstigs	2.843.851	2.843.851
Styrkur vegna Grundartangaverkefnis	3.400.000	0
Fyrirfram innheimtir óúthlutaðir styrkir vegna Sóknaráætlunar	9.100.000	(9.100.000)
Fyrirfram innheimtir óúthlutaðir styrkir vegna Fjarskiptaverkefnis	(2.700.000)	(5.700.000)
	<u>37.708.251</u>	<u>44.715.671</u>

11. Gjöld vegna sérverkefna:

Laun vegna sveitaverkefnis	5.051.359	4.940.452
Mótframlag í lífeyrissjóð vegna sveitaverkefnis	606.162	592.850
Tryggingagjald vegna sveitaverkefnis	429.404	433.664
Önnur launatengd gjöld vegna sveitaverkefnis	113.780	61.523
Rekstrargjöld vegna sveitaverkefnis	987.822	915.497
Rekstrargjöld vegna VIRK-þjónustusamnings	7.000.000	0
Styrkveitingar vegna sóknaráætlunar	27.250.000	27.650.000
Erlend samstarfsverkefni	17.468	2.629.149
Endurgreiddur kostnaður	(2.847.528)	(4.615.158)
	<u>38.608.467</u>	<u>32.607.977</u>

12. Framlög vegna atvinnuþróunar:

Rekstrarstyrkur til Vesturlandsstofu ehf.	5.700.000	3.844.000
Aðrir styrkir	0	100.000
	<u>5.700.000</u>	<u>3.944.000</u>

13. Almenningsamgöngur:

Rekstrartekjur:		
Framlög Vegagerðar og landshlutasamtaka	152.421.331	151.621.097
Fargjaldatekjur	150.425.328	124.072.946
	<u>302.846.659</u>	<u>275.694.043</u>
Rekstrargjöld:		
Greiðslur til verktaka	287.403.268	270.997.155
Greiðslur til Eyþings	12.000.000	0
Annar kostnaður	626.000	0
	<u>300.029.268</u>	<u>270.997.155</u>
Afkoma verkefnis	2.817.391	4.696.888

13. Almenningsamgöngur, frh.:

Á árinu 2011 var gengið frá samningi milli Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi vegna sérverkefnis um skipulagningu almenningsamgangna milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins. Samningurinn er til sjö ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nemur 58 millj. kr. á ári. Samningurinn er framlengjanlegur til tveggja ára í senn komi ekki til uppsagnar. Fjárhæðir framlaga taka breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu, vísitölu neysliverðs og díselolíu til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. apríl 2012 en síðan á þriggja mánaða fresti. Í lok árs 2012 var undirrituð viðbót við núverandi samning sem fól í sér viðbótar framlag til verkefnisins að fjárhæð 29 millj. kr. Komu framlög þess samnings fyrst til greiðslu 1. janúar 2013. Sumarið 2014 var skipaður sáttahópur til að leysa ágreining sem var á milli SSV, FNV og SSNV annars vegar og Eyþings hinsvegar um það hvernig standa ætti að uppgjöri á rekstri almenningsvagna á svæðinu frá Reykjavík að Akureyri. Sáttahópurinn skilaði tillögu sinni að samkomulagi í nóvember s.l. og hafa stjórnir allra landshlutasamtakanna staðfest samkomulagið að SSNV undanskildu. Í samkomulaginu fellst m.a. að 12 millj. kr. greiðsla af framlagi Vegagerðarinnar fari árlega til Eyþings á árunum 2014 og 2015.

Í tengslum við verkefnið hefur SSV gert samning við Strætó bs. um skipulag og framkvæmd almenningsamgangna á Vesturlandi sem og milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins samkvæmt umboði landshlutasamtakanna FSV, SSNV og Eyþings þar um. Samkvæmt fyrrnefndum samningi við Strætó bs. er SSV samningsaðili gagnvart verktökum sem annast akstur á svæðinu skv. skipulagi hverju sinni og ber SSV fulla ábyrgð á efndum samninga við verktaka.

14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreiðar	Húsbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2014.....	36.241.051	7.467.225	2.323.348	46.031.624
Afskrifað áður	(9.789.472)	(3.202.652)	(1.115.304)	(14.107.428)
Bókfært verð 1.1.2014.....	26.451.579	4.264.573	1.208.044	31.924.196
Viðbót á árinu	0	0	306.545	306.545
Afskrifað á árinu	(724.821)	(1.005.100)	(289.684)	(2.019.605)
Bókfært verð 31.12.2014.....	25.726.758	3.259.473	1.224.905	30.211.136
Heildarverð 31.12.2014.....	36.241.051	7.467.225	2.629.893	46.338.169
Afskrifað samtals 31.12.2014.....	(10.514.293)	(4.207.752)	(1.404.988)	(16.127.033)
Bókfært verð 31.12.2014.....	25.726.758	3.259.473	1.224.905	30.211.136
Afskriftahlutföll.....	2%	20%	20%	

Húsnæði samtakanna að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi var tekið í notkun á árinu 1990. Á árinu 2012 keyptu samtökin viðbótarhúsnæði af Verkís hf. og eiga Samtökin 19,8% eignarhlut í húsinu eftir kaupin. Stærð húsnæðisins er 289 m², ásamt 37 m² í sameign. Fasteignamat húsnæðis og lóðar nam í árslok 2014 um 26,0 millj. kr. en brunabótamat um 67,4 millj. kr.

Skýringar, frh.:

15. Ahættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhaldsfélagið Spölur hf.		500.000	500.000
NVB ehf.....	100%	500.000	500.000
Vesturlandsstofa ehf.....	100%	2.000.000	0
Eignarhlutir í félögum í árslok		3.000.000	1.000.000

Eigið fé Vesturlandsstofu skv. ársreikningi 2013 var neikvætt um 7,7 millj. kr. en ársreikningur 2014 liggur ekki fyrir.

16. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	2.520.230
Niðurfærsla á árinu, breyting.....	1.595.695
Niðurfærsla í árslok	4.115.925

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru óverðtryggðar og bera 5,0-7,0% vexti.

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2015.....	1.779.598
Árið 2016.....	1.326.800
Árið 2017.....	1.100.400
Síðar.....	4.764.400
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborgun	8.971.198
Næsta árs afborgun	(1.779.598)
Langtímaskuldir	7.191.600

Fasteignir félagsins, að bókfærðu virði 25,7 millj. kr. í árslok eru veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem námu 9,0 millj. kr. á sama tíma.

18. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

Eignir þessar eru færðar í sérstaka eignarskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum samtakanna.

19. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	22.374.537
Hagnaður ársins.....	324.793
Eiginfjárreikningur í árslok	22.699.330

Skýringar, frh.:

20. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu lönþróunarsjóðs á árinu 2014. Þar sem aðildarsveitarfélög SSV eru ekki öll aðilar að lönþróunarsjóðnum, er hann ekki tekinn með í ársreikningi samtakanna.

21. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi auk lykil stjórnenda samtakanna eru skilgreindir sem tengdir aðilar samtakanna. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Samtökin hafa átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti samtakanna við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

22. Árgjöld til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Fastagjald 342.000 kr. x 7 sveitarfélög

Fastagjald 171.000 kr. x 3 sveitarfélög

Íbúagjald 950 kr. x 15.420 íbúar

	Íbúar	Kr.
Akraneskaupstaður.....	6.700	6.707.000
Hvalfjarðarsveit	620	931.000
Skorradalshreppur	60	228.000
Borgarbyggð	3.520	3.686.000
Eyja- og Miklaholtshreppur	150	313.500
Snæfellsbær	1.690	1.947.500
Grundarfjarðarbær	870	1.168.500
Helgafellssveit	50	218.500
Stykkishólmsbær	1.090	1.377.500
Dalabyggð	670	978.500
	<u>15.420</u>	<u>17.556.000</u>

Rekstraryfirlit ársins 2014

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur	50.530
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(10.106)

Rekstrarniðurstaða ársins 40.424

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir:

Bankainnstæður 1.981.797

Eignir samtals 1.981.797

Eigið fé:

Flutt frá fyrra ári 1.941.373

Rekstrarniðurstaða ársins 40.424

Eigið fé samtals 1.981.797




cutting through complexity

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Endurskoðun ársreiknings
31. desember 2014

Endurskoðunarskýrsla

11. mars 2015





KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: 545 6000

Borgames, 11. mars 2015

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi
Ingvaldur Guðmundsdóttir stjórnarformaður
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi

Við höfum endurskoðað ársreikning samtakanna eins og lýst var í ráðningarbrefi dagsettu 27. janúar 2015.

Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningi samtakanna og staðfesta að skýrsla stjórnar uppfylli kröfur laga. Stjórn og stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun. Niðurskiður endurskoðunar okkar eru að við áritum ársreikning samtakanna fyrir árið 2014 með fyrirvaralausri áritun.

Endurskoðunarskýrslunni er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur. Þessar upplýsingar ætti ekki að nota í neinum öðrum tilgangi.

Skýrsla þessi er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn og veitir ekki viðbótarálit á ársreikningi. Skýrslan bætir hvorki við né breytir skyldum okkar sem endurskoðendur.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur er skylt sem endurskoðendur í því skyni að koma auga á og upplýsa um atriði sem fjallað er um í þessari skýrslu. Við höfum komið á framfæri ábendingum til stjórnenda samtakanna samhliða vinnu okkar við endurskoðun ársreiknings.

Við viljum þakka fyrir samvinnuna á meðan á endurskoðuninni stóð.

Við treystum því að þessar upplýsingar séu gagnlegar og munum með ánægju veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir, endurskoðandi

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi

Afrit: Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri

Frekari upplýsingar í tengslum við þessa skýrslu veita:

Sigríður Helga Sveinsdóttir
Partner
ssveinsdottir@kpmg.is

Haraldur Örn Reynisson
Senior Manager
hreynisson@kpmg.is

Bls.	
Nálgun, umfang og áritun	4
Yfirlit rekstrar og efnahags	5 - 6
Skipulagsbreytingar SSV	7
Helstu mál, ábendingar	8 - 9
Staðfestingar og önnur atriði	10

Mikilvægismörk í endurskoðun er 8,5 millj. kr.

Almennt

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) setja reikningsskil sín fram í samræmi við lög um ársreikninga.

Endurskoðunarnálgun

Við endurskoðun á ársreikningi ársins 2014:

- skoðuðum við innra og ytra umhverfi samtakanna,
- greindum við mikilvæg reikningshaldsleg og endurskoðunarleg málefni,
- skoðuðum við stjórnunarhætti og innra eftirlit með fjárhagsupplýsingum,
- lögðum við mat á eftirlitsþætti upplýsingakerfa.

Við beindum einnig sjónum okkar að:

- greiningaraðgerðum á fjárhagslegri afkomu,
- skoðun á tekjufærslu styrkja vegna sérverkefna
- yfirferð á gjöldum vegna sérverkefna
- staðfestingu á tilvist eigna og heild skulda,
- mati á viðskiptakröfum,
- niðurstöðum á mikilvægum reikningshaldslegum málum og endurskoðunarmállefnum,
- skýringum og framsetningu ársreikningsins.

Mikilvægismörk í endurskoðun

Ársreikningur er sjaldan eða aldrei fullkomlega réttur. Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarka er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar.

Mikilvægið er ákvarðað í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Mikilvægið við endurskoðun ársreiknings 2014 var ákvarðað 8,5 millj. kr. fyrir alla liði ársreiknings.

Við skipulagningu á endurskoðuninni og ákvörðun á endurskoðunarnálgun beitung við mikilvæginu. Einnig notum við mikilvægið til að leggja mat á mismuni sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningsskilin í heild sinni.

Áritun á ársreikninginn

Áritun okkar á ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi verður fyrirvaralaus.

Við gerð fjárhagsáætlunar samtakanna var ekki tekið tillit til áhrifa tekna og gjalda almenningssamgangna. Mikilvægt er að setja fram áætlun um rekstur verkefnisins en hann er á ábyrgð samtakanna.

Rekstrartekjur samtakanna jukust um 7% á milli árunna 2013 og 2014 en rekstargjöld jukust á sama tíma um 10%

Rekstrarreikningur fyrir árið 2014					
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Frávik frá áætlun 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli 2013-2014
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	17.556.000	17.520.000	0,2%	16.889.595	3,95%
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	24.433.930	21.500.000	13,6%	21.353.088	14%
Framlag Byggbæstofnunar	19.222.300	19.500.000	-1,4%	19.414.605	-1%
Styrkir vegna sérverkefna	37.708.251	23.500.000	60,5%	44.715.671	-16%
Tekjur atvinnuráðgjafar	3.017.532	7.000.000	-56,9%	2.597.318	16%
Tekjur almenningssamgangna	302.846.659	0		275.694.043	10%
VIRK vegna þjónustusamnings	7.000.000	0		0	
Aðrar tekjur	11.139.414	1.500.000	642,6%	11.152.216	-0,1%
Hagnaður af sölu eigna	0	0		1.705.510	-100%
Rekstrartekjur samtals	422.924.086	90.520.000		393.522.046	
Laun og launatengd gjöld	51.829.389	55.815.000	-7,1%	47.189.647	10%
Annar rekstrarkostnaður	24.555.256	27.239.000	-9,9%	28.832.362	-15%
Gjöld vegna sérverkefna	38.608.467	2.000.000	1830,4%	32.607.977	18%
Framlög vegna atvinnubrúnar	5.700.000	3.000.000	90,0%	3.944.000	45%
Gjöld vegna almenningssamgangna	300.029.268	0		270.997.155	11%
Afskriftir	2.019.605	1.917.000	5,4%	2.015.391	0%
Rekstrargjöld samtals	422.741.985	89.971.000		385.586.532	
Rekstrarhagnaður	182.101	549.000	-67%	7.935.514	-98%
Vaxtatekjur og arður	1.025.862	180.000	470%	1.221.794	-16%
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	-883.170	-583.000	51%	-1.083.834	-19%
Niðurfærsla hlutafjár	0	0		-1.000.000	-100%
Hrein fjármagnsgjöld	142.692	-403.000		-862.040	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	324.793	146.000		7.073.474	
Hagnaður ársins	324.793	146.000	122%	7.073.474	-95%

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

	31.12.2014	31.12.2013	Breyting ársins
Fasteign	25.726.758	26.451.579	-3%
Bifreiðar	3.259.473	4.264.573	-24%
Húsbúnaður	1.224.905	1.208.044	1%
Eignarhlutir í félögum	1.000.000	1.000.000	0%
Fastafjármunir	31.211.136	32.924.196	-25%
Óinnheimtar kröfur	27.137.826	19.184.373	41%
Handbært fé	42.361.470	48.625.253	-13%
Veltufjármunir samtals	69.499.296	67.809.626	29%
Eignir samtals	100.710.432	100.733.822	4%
Eiginfjáreikningur	22.699.330	22.374.537	1%
Eigið fé	22.699.330	22.374.537	1%
Skuldabréfalán	7.191.600	9.398.931	-23%
Langtímaskuldir	7.191.600	9.398.931	-23%
Fyrirframminheimtar tekjur	8.400.000	14.800.000	-43%
Ógreiddir úthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar	20.405.000	8.555.000	139%
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	40.234.904	43.504.952	-8%
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.779.598	2.100.402	-15%
Skammtímaskuldir	70.819.502	68.960.354	72%
Eigið fé og skuldir samtals	100.710.432	100.733.822	

Fastafjármunir
Lækkun fastafjármuna má rekja til afskrifta þeirra eigna sem til staðar eru.

Eignarhlutir í félögum
Eignarhlutir í félögum eru óbreyttir á milli ára en um er að ræða eignarhlut í tveimur félögum, Spelli ehf. og NVB ehf.

Óinnheimtar kröfur, handbært fé
Óinnheimtar kröfur hækka nokkuð milli ára eða um tæpar 8,0 millj. kr. Ástæðuna má rekja til þess að heldur meira er óinnheimt gagnvart tengdum aðilum en áður auk krafna vegna verkefna sem unnin voru á árinu 2014.

Handbært fé lækkar um 6,3 millj. kr. þar af nemur lækkun vegna afborgunar langtímalána 2,5 millj.

Skuldabréfalán
Afborgun langtímalána nam 2,5 millj. kr. á árinu, en um er að ræða eitt langtímalán sem veitt var af Sorpurðun Vesturlands ehf. til samtakanna.

Skammtímaskuldir
Meðal fyrirframminheimtra tekna er færður styrkur vegna fjarskiptaverkefnis sem ekki hefur verið framkvæmt fyrir.

Ógreiddir úthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar eru tilkomnir vegna úthlutunar styrkja til verkefna tengdum sóknaráætlun. Úthlutaðir styrkir hafa verið færðir til gjalda í rekstri en koma ekki til greiðslu fyrir en styrkþegar hafa uppfyllt ákvæði samninga.

Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir lækka um 3,3 millj. kr. en verulegur hluti þessara skulda er tilkominn vegna skulda við verktaka tengdum verkefni almenningssamgangna.

Vaxtarsamningur Vesturlands, Menningarráð Vesturlands, Vesturlandsstofa ehf. og NVB ehf.

		Breytingar í rekstri SSV og tengdra félaga
	Almennt	<ul style="list-style-type: none"> Á framhaldsaðalfundi samtakanna þann 18. september 2014 var kynnt nýtt skipulag SSV sem fól í sér að Menningarráð Vesturlands yrði lagt niður og verkefni þess færð undir stjórn SSV. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum er SSV nú ábyrgðaraðili á framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands 2015-2019 en samningur þess efnis var undirritaður í byrjun febrúar 2015. Þar sem greiðslur þær sem áður bárust til Vaxtarsamnings Vesturlands munu hér eftir verða hluti af þeim fjármunum sem fylgja samningi um sóknaráætlun eru líkur á því að SSV muni yfirtaka eignir og skuldir Vaxtarsamnings á árinu 2015. Félagin Vesturlandsstofa ehf. og NVB ehf. eru að fullu í eigu samtakanna en ekki er gerður samstæðureikningur fyrir SSV og dótturfélag né er færð hlutdeild í afkomu þeirra í rekstur SSV. Sterk rök má færa fyrir því að með gerð samstæðureiknings næðist betri yfirsýn yfir umfang rekstrar samtakanna og tengdra félaga. Með því hefði stjórn tiltækar samanteknar fjárhagslegar upplýsingar allra þeirra eininga og verkefna sem hún ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á.
	Yfirlæsla Menningarráðs Vesturlands og Vaxtarsamnings Vesturlands til SSV.	<ul style="list-style-type: none"> Með yfirtöku SSV á verkefnum Menningarráðs Vesturlands fylgja skuldir og skuldbindingar ráðsins ásamt eignum. Í árslok 2014 nema eignir Menningarráðs 19,6 millj. kr. og skuldir 8,8 millj. kr., ógreiddir styrkir nema þar af 7,6 millj. kr. Renni Vaxtarsamningur inn í SSV á árinu 2015 munu eignir og skuldir félagsins færast inn í fjárhag samtakanna líkt og í tilfelli Menningarráðs Vesturlands. Þann 31.12.2014 námu eignir 45,6 millj. kr., þar af er handbært fé 38,9 millj. kr. Skuldir nema í árslok 2014 42,9 millj. kr. en þar af nema ógreiddir úthlutaðir styrkir 42,1 millj. kr. Áhrif framangreindra atriða á fjárhag SSV eru aukning eigna um 65,2 millj. kr. og hækkun skulda sem nemur 51,7 millj. kr. en að frádregnum kröfum og skuldum milli aðila.

#	Atriði	Umfjöllun
1.	Ábyrgð á rekstri almenningssamgangna	<ul style="list-style-type: none"> Í tengslum við endurskoðun fyrri ára höfum við vakið athygli á ábyrgð SSV á skipulagningu og framkvæmd tilraunaverkefnis til eflingar almenningssamgangna. Samkvæmt samningi ber SSV ábyrgð á framkvæmd samnings og þar af leiðandi mögulegu tapi af verkefnum.
2.	Eftirlit með tekjuskráningu verkefnis almenningssamgangna	<ul style="list-style-type: none"> Við endurskoðun á tekjuferli innan SSV sem tengist skráningu tekna af almenningssamgöngum kom fram að ekki er til staða sérstakt eftirlit sem ætlað er að tryggja að allar tekjur af almenningssamgöngum á svæðinu skili sér til samtakanna líkt og samningar kveða á um. Lagt er til að formlegu eftirliti sé komið á með skilum á tekjum. Slikt er hægt að framkvæma með samburði milli ekinna ferða verktaka skv. reikningum og tekjum af þessum sömu ferðum.
3.	Eftirlit með kostnaðar- reikningum verktaka	<ul style="list-style-type: none"> Við skoðun og samtöl við stjórnendur kom fram að ekki er formlegt eftirlit með því að einungis sé greitt fullt verð til verktaka fyrir eknar ferðir og hluti þóknunar í samræmi við samninga vegna ferða sem falla niður. Ekki fer fram samburður milli ekinna ferða verktaka og tekjuskráningar. Lagt er til að komið sé á öflugu eftirliti með ferðum verktaka og samburður framkvæmdur milli tekjuskráningar og kostnaðarreikninga frá verktökum. Gera þarf kröfur til verktaka um sundurlögun á öllum akstri svo unnt sé að koma eftirliti við.
4.	Samningar við verktaka	<ul style="list-style-type: none"> Við skoðun á samningum við verktaka, tengdum almenningssamgöngum, kom í ljós að hluti þeirra rann út 31. ágúst 2014 og hafa þeir ekki verið endurnýjaðir að sögn framkvæmdastjóra. Mikilvægt er að þess sé gætt að ávallt séu til staðar fullgildir samningar við verktaka svo ekki komi til ágreinings síðar um réttindi og skyldur samningsaðila.

Staðfestingar og önnur atriði

Engar athugasemdir eru gerðar við staðfestingar stjórnenda

#	Atriði	Umfjöllun
1	Sviksemi	Við höfum rætt við stjórnendur um hvort þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki orðið varir við neitt sem hefur veruleg áhrif á ársreikninginn.
2	Kröfur og málaferli	Við höfum spurt stjórnendur hvort þeir eigi von á málaferlum á hendur samtökunum. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki vitneskju um nein málaferli sem veruleg áhrif gætu haft á fjárhagsstöðu samtakanna. Ekki þótti ástæða til að kallað eftir staðfestingu frá lögmanni samtakanna þar sem lögfræðikostnaður í bókhaldi þeirra þótti stýðja staðhæfingar stjórnenda.
3	Viðskipti við tengda aðila	Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu nein önnur viðskipti til staðar en þau sem greint er frá í ársreikningi.
